

meðal launa skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðs-dómslögmanns, kr. 60.000.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Árnassýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Ívar Arnar Bjarnason sæti fangelsi í 1 mánuð og greiði kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði Garðar Hafsteinn Björgvinsson sæti fangelsi í 1 mánuð og greiði kr. 30.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði Ragnar Gunnsteinn Ragnarsson sæti fangelsi í 1 mánuð og greiði kr. 30.000 í sekt til ríkissjóðs.

Fangelsisrefsingu ákærðu skal frestað og hún ekki koma til framkvæmda vegna hvers um sig, haldi hann í 3 ár frá birtingu dóms þessa almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði in solidum Björgvini Gunnarssyni kr. 270.000 í skaðabætur. Enn fremur greiði ákærðu allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 60.000.

Dómi þesum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. mars 1982.

Nr. 210/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ragnari Ingimundi Ágústssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað málinu að ósk ákærða með

stefnu 15. september 1981, en því er einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 30. desember 1981.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, „að héraðsdómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að refsing ákærða verði þyngd.“

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur sýkn af kröfum ákærvalds í málinu og sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun honum til handa.

Lögreglumenn þeir tveir, er veittu ákærða eftirför og stöðvuðu bifreið hans aðfaranótt 7. desember 1980, eru samsaga um ofsalegan aksturshraða ákærða á allri þeirri leið, er hann ók, meðan á eftirförinni stóð. Þeir skýrðu báðir svo frá í lögregluskýrslu, dagsettri 7. desember 1980, að ákærði hefði gengist við því fyrir þeim að hafa ekið á allt að 90 km hraða miðað við klukkustund í umrætt skipti. Hafa þeir báðir staðfest þá skýrslu í lögreglurannsókn, er síðan fór fram, og annar þeirra einnig í dómi. Eigi er samræmi í hvi-vetna í framburðum lögreglumannanna. Þegar framburðir þeirra eru virtir í heild sinni og jafnframt er höfð hliðsjón af skýrslum þeirra um frásögn ákærða af aksturshraða sínum, þykir allt um það ekki varhugavert að telja ákærða sannan að sök um að hafa ekið yfir lögleyfðu aksturshámarki í umrætt skipti, þótt ekki verði fullyrt nákvæmlega, hver aksturshraðinn hafi verið.

Brot ákærða eru réttilega færð til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi, þó svo, að tilvitnun til 3. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 á við 4. mgr. 50. gr., og enn fremur ber að vitna til 1. mgr. 50. gr. til laga nr. 16/1977, 1. gr. Refsing ákærða þykir með vísan til sakaferils hans hæfilega ákveðin 2.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ríkissaksóknari hefur horfið hér fyrir dómi frá kröfu um ökuleyfisvptingu, og kemur sú krafa því eigi til álita.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ragnar Ingimundur Ágústsson, sæti 2.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. ágúst 1981.

Ár 1981, föstudaginn 14. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 353/1981: Ákærvaldið gegn Ragnari Ingimundi Ágústssyni, sem tekið var til dóms þann 10. ágúst sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. apríl sl., á hendur ákærða, „Ragnari Ingimundi Ágústssyni bifreiðastjóra, Þykkvabæ 21 í Reykjavík, fæddum 25. desember 1952 þar í borg, fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 7. desember 1980 ekið bifreiðinni R 8988 með allt að 125 kílómetra hraða miðað við klukkustund í náttmyrkri norður Kringlumýrarbraut í Reykjavík á vegarkafla frá Nesti í Fossvogi að Sléttuvegi.

Telst þetta varða við 1., 2. og 3. mgr. a og b lið 49. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og samþykkt nr. 318/1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Sunnudaginn 7. desember sl., um kl. 0324, voru lögreglumennirnir Eðvarð Árnason og Hilmar Harðarson úr Kópavogi á eftirlitsferð í lögreglubifreiðinni Y 3031, er þeir veittu athygli bifreið ákærða, sem ekið var allhratt vestur Fífhvammsveg og beygt norður Hafnarfjarðarveg. Segir síðan í frumskýrslu lögreglumannanna, að bifreiðinni hafi verið veitt eftirför, en ekki hafi tekist að stöðva hana fyrr en á gatnamótum Miklubrautar. Hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt allt að 125 km hraða miðað við klukkustund, en þó hafi dregið í sundur með bifreiðunum. Er í frumskýrslu bókað eftir ákærða, að hann hafi ekki ekið hraðar en 90 km á klst. Er síðan bókað, að náttmyrkur hafi verið, bleyta og nokkur umferð.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 2. febrúar sl. Kvaðst ákærði hafa verið í verkefni á Fífhvammsvegi í Kópavogi. Hafi hann ekið um Fífhvammsveg og síðan norður Hafnarfjarðarveg. Kvaðst ákærði síðan hafa ekið Kringlumýrarbraut á 60 km hraða miðað við klst. Ákærði kom fyrir dóm þann 6. apríl sl. og skýrði þá frá atvikum á sama hátt.

Vitnið Eðvarð Lárus Árnason lögregluvarðstjóri gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 2. febrúar sl. Kvaðst vitnið hafa verið statt í lögreglubifreið á Hafnarfjarðarvegi, er það veitti athygli bifreið ákærða, þar sem henni var ekið af Fífhvammsvegi og norður Hafnarfjarðarveg. Hafi bifreiðinni verið ekið mjög hratt norður Hafnarfjarðarveg, áfram Kringlumýrarbraut að Miklubraut. Kvað vitnið, að ekki hafi tekist að mæla hraða bifreiðarinnar, en við eftirförina hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt, að ekið var með 125 km hraða miðað við klst., en þó hafi dregið í sundur með ökutækjunum. Kvað vitnið, að ákærði hefði talið sig hafa ekið á 90 km hraða.

Vitnið gaf aftur skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 31. mars sl. Skýrði vitnið þá nánar frá hraðamælingunni og kvað lögreglubifreiðinni hafa verið ekið eins hratt og hægt var. Hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt 125 km hraða á Kringlumýrarbraut frá Nesti að Sléttuvegi, en þó hafi ekki dregið saman með bifreiðunum.

Vitnið kom fyrir dóm þann 10. ágúst sl. og kvaðst þá ekki alveg muna, hver hraði bifreiðarinnar mældist, en það hafi verið yfir 100 km, sennilega 120 km hraði miðað við klst. Vitnið kvað, að á kaflanum Kópavogsmegin við Nesti og upp undir Sléttuveg hafi tekist að halda jöfnu bili milli bifreiðanna. Er vitninu var bent á misræmi í framburði þess varðandi þetta atriði, taldi það, að

ekki hafi tekist að halda jöfnu bili milli bifreiðanna, enda væri langt um liðið frá atburðinum. Vitnið kvað akstur ákærða hafa verið með því svæsnasta, sem það hafi séð. Vitnið kvaðst vera visst um, að lögreglubifreiðin hafi verið á norðanverðri Arnarneshæð, er lögreglumennirnir tóku eftir bifreið ákærða. Vitnið kvað dagsetningu og tímasetningu á frumskýrslu eiga við tímasetningu atviksins, en ekki sé skráð, hvenær skýrslan sé gerð. Vitnið kvaðst ekki muna eftir afskiptum af öðrum bifreiðum þessa nótt, en taldi útilokað, að ruglingur hefði getað orðið við skýrslugerð. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort ekið var fram úr öðrum bifreiðum, en taldi umferð hafa verið litla. Vitnið taldi sig ekki geta sagt til með nákvæmni um fjarlægðina milli bifreiðanna.

Vitnið Hilmar Harðarson lögreglumaður gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 6. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 5. ágúst sl. Kvað vitnið, að reynt hafi verið að halda jöfnu bili milli bifreiðanna, en alltaf hafi dregið í sundur með þeim. Kvað vitnið, að á vegarkaflanum frá nyrðri brúnni að Nesti í Fossvogi hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt allt að 125 km hraða miðað við klst., en samt hafi dregið í sundur með bifreiðunum. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um fjarlægðina milli bifreiðanna. Kvað vitnið, að þeir hefðu aldrei misst sjónar á bifreiðinni, en ekki hafi tekist að stöðva hana fyrr en á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Vitnið kvað umferð hafa verið þó nokkra og í meira lagi miðað við næturumferð. Vitnið kvað ákærða hafa ekið á hægri akrein, en ekki kvaðst vitnið muna, hvort ákærði ók fram úr öðrum bifreiðum. Vitnið kvað ákærða hafa viðurkennt að hafa ekið á 90 km hraða. Vitnið kvað lögreglubifreiðina hafa verið stadda á Fífuhvammsvegi, er þeir veittu bifreið ákærða athygli. Vitnið kvað hraða lögreglubifreiðarinnar á vegarkaflanum frá Nesti að Sléttuvegi hafa verið minni en 125 km, en ekki kvaðst vitnið geta sagt nánar til um hraðann á þessum kafla.

Niðurstöður.

Enda þótt ýmislegt beri á milli í famburðum lögreglumannanna í máli þessu, eru þeir sammála um það, að ákærði ók umræddan vegarkafla verulega greitt, og taldi annar lögreglumaðurinn aksturinn vera með því svæsnasta, er hann hefði séð. Með tilliti til þess, hvernig að mælingunni var staðið, verður þó ekki fullyrt, hversu hratt ákærði ók. Með hliðsjón af framburði lögreglumannanna verður þó að telja sannað, að ákærði hafi ekið langt yfir

leyfilegum hámarkshraða í náttmyrkri á nefndri leið og því gerst sekur um mjög vítaverðan akstur. Þykir brot ákærða rétt fært til refsíákvæða í ákæruskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

- 1971 14/10 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði.
- 1978 1/3 í Reykjavík: Sátt, 40.000 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 49. gr. umferðarlaga.
- 1978 15/11 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 27. gr. laga nr. 39/1941. (Sæti upptöku á talstöð, Air-command CB 140, 40 rása).
- 1980 í Reykjavík: Dómur: 60.000 kr. sekt fyrir brot á 49. og 50. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.200.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 4 daga.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir hann hafa unnið til ökuleyfissviptingar, svo sem krafist er í ákæruskjali, sbr. 81. gr. umferðarlaga. Þann 10. febrúar sl. ákvað lögreglustjórinn í Reykjavík að svipta ákærða ökuréttindum til bráðabirgða, og var sú ákvörðun birt ákærða þann 26. febrúar sl. Ákærði óskaði úrskurðar sakadóms Reykjavíkur um ofangreinda bráðabirgðasviptingu, og féll úrskurður þann 11. mars sl., og var ákvörðun lögreglustjórans staðfest. Úrskurði þessum var skotið til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi, uppkveðnum þann 17. mars sl., felldi úrskurðinn og bráðabirgðaökuleyfissviptinguna úr gildi.

Með hliðsjón af málavöxtum öllum þykir rétt að láta við svo búið standa og gera ákærða ekki frekari ökuleyfissviptingu en þegar er orðin.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Ingimundur Ágústsson, greiði 1.200.00

króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 4 daga.

Ákærða verður ekki gerð frekari ökuleyfissvipting.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðs-dómslögmanns, kr. 3.000.00.

Föstudaginn 19. mars 1982.

Nr. 183/1980. **Erla Guðmundsdóttir**

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Hallgrími B. Geirssyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Víxilmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1980. Krefst hún sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sigurður Jónsson hefur ekki áfrýjað héraðsdómi.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 11. mars 1980. Greinargerð kom fram af hálfu áfrýjanda 25. mars s. á., og segir þar m. a. um víxla, sem stefndi krefst, að áfrýjandi greiði: „... þeir urðu ekki útgefnir, svo sem afsögn á þeim ber með sér, og ber því að sýkna... af öllum kröfum“. Þegar málið var munnlega flutt á bæjarþinginu 2. júní 1980, var bókað eftir lögmanni áfrýjanda: „Hann studdi sýknukröfu sína þeim rökum, að víxill pr. 1/12'79 hafi ekki verið